

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>Myndbygging, teiknun og málun</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>(MYL 406)</b>	
Síða 1 af 3	<b>Kennsluáætlun (Haustönn 2012)</b>	

<b>Nafn kennara:</b>	<b>Anna María Guðmann</b>	<b>Sk.stöfun:</b>	<b>AMÍ</b>
<b>Sími:</b> 8978621	<b>Viðtalstími á miðvikudögum 9:15 – 9:55</b>	<b>Netfang</b>	<b>ami@vma.is</b>

### Áfangalýsing

Áfanginn miðar að því að nemandi hljóti þjálfun á sem flestum sviðum sem lúta að teikningu og málun. Fjölbreyttar teikniaðferðir skoðaðar. Unnið markvisst með efni og aðferðir og ýmsir efnismiðlar prófaðir. Möguleikar skoðaðir í hverskonar þróunarvinnu og forvinnu fyrir frekari útfærslu á myndverki.

Nemendur eru þjálfaðir í skissugerð og uppbyggingu tvívíðra myndlistarverka í formi og lit. Reyt er að auka skilning og dýpka tilfinningu nemenda fyrir samspili lita og forma í myndbyggingu og að geta nýtt sér þá þekkingu á áhrifaríkan hátt í gerð myndverka. Einnig að skerpa næmni fyrir blæbrigðum í lit eftir litastyrkleika hans og ljósmagni. Merking og tákni meðferð lita og forma eru kynnt fyrir nemendum. Í framhaldi af þeirri umræðu er unnið markvisst með litablöndun á persónulegan hátt í málverki.

Myndgreining er samofin kennslunni í þessum áfanga þ.e.a.s. að valin eru verk þekktra listamanna eða hönnuða til skoðunar með tilliti til myndbyggingar, notkun lita og stílbrigða. Samhliða vinnu áfangans eru reglulegar umræður þar sem nemendur kynna verk sín og taka þátt í opinni umræðu um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt.

### Áfangamarkmið

Efnismeðferð: Nemandi geti beitt mismunandi efnismiðlum og áhöldum í sköpun skissa og myndverka.

Teikning: Nemandi nái góðu valdi á teikningu sem upplýsandi og listrænum frásagnar og tjáningarmáta. Þjálfí sig í hugmyndavinnu, skissugerð og tvívíðri teikningu.

Myndbygging: Nemandi geti byggt upp myndir í formi, lit og efnisáferð á mismunandi máta.

Myndgreining: Nemandi geti formgreint og skilið lögmál formrænnar uppbyggingar á listaverki og með því dýpkað þannig skilning hans á sjónrænum forsendum myndverka.

Hugmyndavinna og rannsóknarvinna: Nemandi geti tileinkað sér ýmsar aðferðir við hugmyndavinnu og sýni fram á markvissa rannsóknar og þróunarvinnu.

Litameðferð: Nemandi geti beitt litum á fjölbreyttan og áhrifaríkan hátt og hafi vald á litablöndun. Geti einnig notað tákñfræði til að greina hvaða möguleg áhrif samsetning lita og forma getur haft á myndverk.

Nemandi þjálfist einnig að tjá sig um viðfangsefnið, læri að koma orðum að því sem þeir eru að gera og geti talað um og útskýrt verk sín og annarra. Það er einnig mikilvægt að nemandi læri að beita sköpunargáfu sinni í öllu vinnuferlinu og geti beitt gagnrýnni hugsun og endurskoðað verk sín með það að markmiði að gera betur og *geti rætt opinskátt um þær hugmyndir sem þeir eru að reyna að túlka í verkum sínum*

### Námsmat:

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>Myndbygging, teiknun og málun</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>(MYL 406)</b>	
Síða 2 af 3	<b>Kennsluáætlun (Haustönn 2012)</b>	

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Mikilvægt að vinna öll verkefni í lotu því gefið er fyrir hverja lotu fyrir sig. **Skilað verður 1 viku eftir hverja lotu, og dragist að skila á réttum tíma dregst 1 heill frá fyrir hverja viku sem dregst að skila.**

Lota 1 = 5%	Litablöndun
Lota 2 = 20%	Valverkefni
Lota 3 = 15%	Uppstilling
Lota 4 = 5 %	Málun og efnisaðferðir
Lota 5 = 20 %	Myndgreining
Lota 6 = 20 %	Frá hugmynd til lokaverks
Skissubók = 10%	
Mæting = 5%	

### **Mætingar**

Það er 100% mætingarskylda. Slök mæting kemur niður á árangri og afköstum. Einungis er gefið svigrúm fyrir 18 fjarvistarstig á önninni fyrir veikindi og þ.h. (3 stig fyrir hverja einingu). Það er gefið 1 fjarvistarstig fyrir hvern tíma (40mín.) og  $\frac{1}{2}$  stig fyrir að mæta of seint.

**Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)**

### **Innkaup**

Teikniblýantar eða grafítblý í mismunandi mykt, strokleður, yddara, skæri, límstifti, gervihárspensla (voru keyptir í MYL214) svínshárspenslar t.d. no. 4, 6, 10, 16. Það má líka kaupa stærri pensla sem fást í málningaverslunum. **Dagbók** (má búa til dagbók).

**Skissubók A4.** A.m.k. **A3 mappa** sem hægt er að skila verkefnum í (má vera heimagerð eða bara A3 hefðbundin plastmappa). Hægt verður að kaupa skissubókina og plastmöppuna í skólanum (á skrifstofunni).

### **Athugið**

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum.



Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS	<b>Myndbygging, teiknun og málun</b>	
Samþykkt:SHJ	<b>(MYL 406)</b>	
Síða 3 af 3	<b>Kennsluáætlun (Haustönn 2012)</b>	

Lota	Kennslulýsing
<b>1</b> ca. 1 vika	Kynning á kennsluáætlun og áfanganum og markmiðum hans. Innkaupalisti kynntur. Unnið við upphitunarverkefni, litaprufur og litablöndun og litasamsetningar. Dagbók skrifuð í lok vikunnar. Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku. <u>Skil á verkefnum 1 viku eftir að lotu lýkur.</u>
<b>2</b> ca. 3 vikur	Valverkefni þar sem unnið er með teikningar, efnismeðferð og aðferðir í skissu og hugmyndavinnu. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku. <u>Skil á verkefnum 1 viku eftir að lotu lýkur.</u>
<b>3</b> ca. 2 vikur	Uppstilling. Myndir byggðar upp í formi og lit. Uppröðun forma og lita skoðuð með uppstillingum og nemendur skissa og sýna markvissa þróunarvinnu í að skoða formin. Klippmyndir, ljósmyndir, teikning og málun. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku. <u>Skil á verkefnum 1 viku eftir að lotu lýkur</u>
<b>4</b> ca. 2 vikur	Málun og efnisaðferðir: Vatnslitir og akrýllitir prófaðir. Gerðar prufur og tilraunir með efnið. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku. <u>Skil á verkefnum 1 viku eftir að lotu lýkur</u>
<b>5</b> ca. 3 vikur	Myndgreining: Nemendur velja verk eftir ákveðna listamenn sem þeir ætla að vinna með. Listaverkið formgreint og fjallað um það í skriflegri greinargerð. Nemendur skissa síðan út frá myndverkinu sínar eigin tillögur og hugmyndir og útfæra það og sýna fram á markvissa þróunarvinnu. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku. <u>Skil á verkefnum 1 viku eftir að lotu lýkur</u>
<b>6</b> ca. 4 vikur	Frá hugmynd til lokaverks. Nemendur fara í gegnum ferlið í myndsköpun frá upphafspunkti til lokaverks. Sýna ferlið og þróunarvinnu. Skrifleg greinargerð um verkefnið og ferlið. Dagbók skrifuð í lok hverrar viku. Heimavinna: Skissubók 6 síður á viku. <u>Skil á verkefnum í síðasta tíma.</u>
LOK	Frágangur og uppsetning verkefna í möppu og verk hengd upp fyrir foreldra og vini á opnu húsi þann 29. nóv. Opið hús á listabraut er milli 20:00-21:30. <b>Skyldumæting.</b> Nemendur taka svo verkin sín niður í lok kvölds og ganga frá í möppur.

Tegund	Námsgögn
Bækur og ljósrit	Ýmsar listaverkabækur og ljósrit sem tengjast viðfangsefni hvers og eins af bókasafni skólans, Amtsbókasafni og kennarans eigin bækur.

**Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og hafið gaman að.**  
**Amí (Anna María Guðmann)**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils